

Fundur í safna og menningarmálanefnd haldin í Ráðhúsinu 15. mars 2011 kl. 18:00

Mættir: Dagbjört Höskuldsdóttir formaður, Árni Valgeirsson, Elísabet Lára Björgvinsdóttir og varamenn Þorsteinn Eyþórsson og Anna María Rafnsdóttir sem ritar fundargerð auk þess Ragnheiður Óladóttir bókasafnsvörður.

Dagskrá:

1. Skýrsla frá Amtbókasafni.
2. Framlögð skýrsla um Menningarhátíðina Norðurljós – fylgir í viðhengi.
3. Umræða um safnamál og hugmyndasöfnun um þau mál.
4. Önnur mál.

Þetta gerðist á fundinum.

1. Ragnheiður fór yfir skýrslu Amtbókasafns, og svaraði fyrirspurnum um rekstur bókasafns og af því spunnust umræður, farið var yfir útlán á undanförunum árum. Rætt var um bókakaup og þann pening sem í kaupun fara. Spurning um að kaupa bækur á sem hægstæðustu kjörum. Umræður um sölu á árskortum og hvernig ætti að framkvæma þá sölu. Ákveðið var að frá og með 1. september verði tekin upp einstaklingskort, og það verði vel auglýst í tíma. Einnig var farið yfir starfsmannahald og hvernig þeim málum yrði háttað í framtíðinni. Kortin verði ókeypis fyrir börn 18 ára og yngri, öryrkja og ellilífeyrisþega.
2. Rætt var um skýrslu sem að Þórunn Sigþórsdóttir útbjó um Norðurljóshátíð. Almenn ánægja með skýrsluna og hún vel upp sett, og skýrslan segir það sem segja þarf um hátíðina. Uppsetning og fyrirkomulag hátíðar rökrætt og hvernig eigi að standa að þessari hátíð í framtíðinni. Þeirri spurningu var velt upp hvort halda ætti hátíðina annað hvert ár, þá á móti þeim árum sem að haldnir eru Danskir dagar.
3. Almennar umræður um safnamál. Skipulag safna og fleira næst á dagskrá þar sem formaður leituðu eftir því hvort að nefndarmenn hefðu eitthverjar hugmyndir um rekstur og hagræðingu safnanna í Stykkishólmi (Amtbókasafn, Vatnasafn, Eldfjallasafn, Ljósmyndasafn) Samningur hefur náðst milli Haraldar Sigurðssonar og bæjarins. Samkv honum mun formaður safna og menningarmálanefndar hér eftir sitja í nefnd sem fjalla mun um safnið. Samningur bæjarins um Vatnasafnið mun koma til endurskoðunar á árinu. Ákveðið hefur verið að reyna að ná samkomulagi um reksturinn áfram, en ræða þarf endurskoðun á notkunarreglum Vatnasafns og íbúðar. Þetta þarf að liggja ljóst fyrir þegar gengið verður til nýrra samninga. Umræður spunnust um hver ætti að stjórna og sjá almennt um Vatnasafnið. Rætt var um reglur á opnun á Eldfjallasafni og Vatnasafni utan sumaropnunar og þörfina á að setja um það reglur og lámarks gjald sem dekki að m.k kostnað við útkall starfsmanns. Æskilegt væri að hægt væri að tala við einn og sama aðilann ef td hópar vildu skoða söfnin á vetrinum. Voru menn sammála um að meiri starfsemi væri nauðsynlega að vetrinum. Svo og þyrfti að koma betra skikki á úthlutun íbúðarinnar.
4. Önnur mál.
Dagbjört sagði frá úthlutun frá Menningarráði og starfi menningarráðsins lítillaga. Þarna væru fjármunir sem þyrfti að reyna að fá til menningarstarfs.

Fleira ekki gert- fundi slitið kl 19.15.